

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 27. júní 2025

Mál nr. E-882/2025:

Heilsan #1 ehf.

(Fjöltnir Ólafsson lögmaður)

gegn

Rafveri ehf.

(Árni Þórólfur Arnason lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 4. júní 2025, var höfðað 12. febrúar 2025 af Heilsunni #1 ehf., [...], Reykjavík, gegn Rafveri ehf., [...], Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 6.933.584 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 3.500.000 krónum frá 19. september 2022 til 7. nóvember 2022, af 6.933.584 krónum frá 7. nóvember 2022 til 2. ágúst 2024, og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.
- Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.
- Stefndi krefst aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og til vara að þær verði lækkaðar verulega.
- Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Helstu málsatvik

- Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum eru fyrstu samskipti aðila, er snúa að þeim viðskiptum sem mál þetta er sprottið af, þann 3. júní 2022. Eru það tölvupóstsamskipti milli A, starfsmanns stefnanda, og B, starfsmanns stefnda. Þar kemur fram að B sendir stefnanda verðtilboð í þrjár gólfþvottavélar af tegundinni Kärcher og er tilboðið á bréfsefni stefnda þar sem fram kemur heimilisfang, kennitala, netfang, viðskiptabanki og virðisaukaskattsnúmer stefnda. Í þeim samskiptum kemur jafnframt fram að B muni senda stefnanda verð fyrir róbótana eftir helgi.

7. Frekari samskipti eru ekki fyrir en 7. júlí 2022 þegar C, sem var með netfangið [...], sendir tölvupóst til stefnanda með upplýsingum um verð á róbót-gólfþvottavél. Segir í tölvupóstinum að nánari upplýsingar um vélina fylgi með í viðhengi. Útprintun á því viðhengi hefur ekki verið lögð fram í málinu. Jafnframt kemur fram í tölvupóstinum verð á Kärcher B 95 RS með tilvísun í hlekk með nánari upplýsingum um þá vél. Með tölvupósti 13. júlí 2022 staðfesti stefnandi að hann tæki róbótinn.
8. Í september 2022 eru tölvupóstsamskipti á milli C og A, starfsmanns stefnanda, meðal annars um afhendingu róbót-gólfþvottavélarinnar, sem á að vera í október sama ár. Með tölvupósti C þann 13. september 2022 á netfanginu [...] fylgdi reikningur vegna kaupanna. Samkvæmt reikningnum er Fægir ehf., [...], Reykjavík, seljandi vélarinnar. Undir nafni félagsins á reikningnum er kennitala félagsins sem segir að það hafi verið stofnað á árinu 2020. Hið selda er samkvæmt reikningnum Aziobot-róbót og kaupverðið 6.933.584 krónur. Í kjölfarið greiddi stefnandi 3.500.000 krónur.
9. Stefnandi fékk gólfþvottavélina afhenta 7. nóvember 2022 og hafði þá greitt eftirstöðvar kaupverðsins. Samkvæmt gögnum málsins var farið að bera á bilunum í vélinni síðsumars 2023. Regluleg samskipti í gegnum síma og með smáskilaboðum eru á milli stefnanda og C frá byrjun september 2023 fram til loka júní 2024 sem bera með sér að nokkrar tilraunir hafi verið gerðar til að gera við vélina. Virðist það ekki hafa gengið og til umræðu hafi komið að stefnandi fengi nýja vél í maí 2024 sem ekki varð úr.
10. Þann 2. júlí 2024 sendi starfsmaður stefnanda C og fleirum tölvupóst, þar á meðal stefnda, þar sem fram kom að þolinmæði stefnanda væri þrotin og krafist var endurgreiðslu kaupverðsins. Daginn eftir svaraði D, framkvæmdastjóri stefnda, með tölvupósti, þar sem fram kom að viðskipti þessi hefðu verið ótengd stefnda og án vitneskju hans. Tilboðið hafi ekki verið gert í nafni og kennitölu stefnda heldur sé það frá Fægi ehf./Bernodus ehf. sem kaupverðið hafi verið greitt til. Jafnframt kemur þar fram að C hafi hætt störfum hjá stefnda fljótlega eftir að þessi viðskipti fóru fram.
11. Með bréfi, dags. 5. september 2024, til stefnda lýsti stefnandi formlega yfir riftun á kaupunum og ítrekaði kröfu um endurgreiðslu kaupverðsins. Þann 20. september 2024 hafnaði stefndi kröfu stefnanda með bréfi frá lögmanni sínum og mótmælti að riftunaryfirlýsingu væri beint gegn honum þar sem viðskiptin hefðu verið við annað félag og með öllu ótengd honum. Bréfaskipti urðu á milli lögmannna aðila í nóvember 2024 án þess að ágreiningur aðila leystist. Stefnandi höfðaði síðan málið með stefnu sem birt var stefnda 12. febrúar 2025.

12. Málsatvik eru að öðru leyti umdeild og verða reifuð í umfjöllun um málsástæður aðila og í niðurstöðukafla eftir því sem við á.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

13. Stefnandi byggir á því að komist hafi á bindandi samningur milli stefnanda og stefnda um kaup stefnanda á Aziobot-gólfþvottavél af stefnda þann 13. júlí 2022 fyrir tilstilli stöðuumboðs starfsmanna stefnda. Samningsaðili stefnanda hafi því verið stefndi og endurgreiðslukröfu vegna riftunar því réttilega beint að honum.
14. Stefnandi hafi leitað til stefnda með það að markmiði að kaupa gólfþvottavél enda stefndi fyrirtæki sem selur slíkar vélar. Stefnandi hafi fengið tilboð frá stefnda, sem sent var með tölvupósti frá starfsmönnum stefnda, sem stefnandi samþykkti. Stefnandi hafi greitt kaupverðið í samræmi við fyrirmæli frá starfsmanni stefnda. Hér hafi því verið um að ræða hefðbundin vöruviðskipti sem hafi átt sér stað fyrir tilstilli starfsmanna stefnda sem samkvæmt stöðu sinni önnuðust slík viðskipti fyrir stefnda. Stefnandi telur ljóst að með þessu hafi stofnast samningssamband milli stefnanda og stefnda enda hafi stefnandi mátt ætla að milliganga um viðskiptin væri innan marka stöðuumboðs viðkomandi starfsmanna stefnda.
15. Stefnandi bendir á að þótt reikningur sem stefnandi fékk sendan frá starfsmanni stefnda hafi haft firmaheitið Fægir ehf. hafi stefnandi engu að síður verið í góðri trú um að stefndi væri viðsemjandi hans. Alþekkt sé í fyrsta lagi að vörumerki fyrirtækis sé annað en firmaheiti þess. Í öðru lagi hafi reikningurinn verið sendur af starfsmanni stefnda, heimilisfang félagsins á reikningnum það sama og verslun stefnda og netfang á reikningnum sé starfsmanns stefnda. Í þriðja lagi sé það meginregla samninga- og kröfuréttar að kröfuhafi ráði greiðslustað kröfu sinnar og greiðsla stefnanda var í samræmi við greiðslufyrirmæli send af starfsmanni stefnda. Stefnandi telur því að umræddur reikningur geti með engu móti talist hafa þau áhrif að stefnandi hafi vitað eða mátt vita af meintum umboðsskorti starfsmanns stefnda.
16. Stefnandi byggir heimild sína til riftunar á kaupunum á því að gólfþvottavélin hafi verið ónothæf og því verulega gölluð. Stefnandi hafði greitt kaupverðið að fullu og fyrir liggja að stefnandi hafi skilað gólfþvottavélinni og eigi því rétt á til endurgreiðslu kaupverðsins úr hendi stefnda, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Höfuðstóll kröfu stefnanda nemi því fjárhæð kaupverðsins.
17. Stefnandi byggir vaxtakröfu sína á því að í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 50/2000 sé kveðið á um að seljandi skuli greiða vexti í samræmi við ákvæði 71. gr. sömu laga frá þeim degi

er hann tók við greiðslunni ef hann á að endurgreiða kaupverð í kjölfar riftunar. Í 71. gr. laganna komi einnig fram að greiða skuli vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga, þar með talið hvað varðar vaxtafót, upphafstíma vaxta og útreikning vaxta. Fyrir liggir að stefnandi greiddi kaupverðið til samræmis við greiðslufyrirmæli starfsmanns stefnda en stefnandi greiddi 3.500.000 krónur þann 19. september 2022 og 3.433.584 krónur þann 7. nóvember 2022. Þann 2. júlí 2024 krafðist stefnandi endurgreiðslu kaupverðsins. Því krefst stefnandi almennra vaxta samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá því tímamarki sem greiðslur voru inntar af hendi en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr., sömu laga frá því tímamarki er mánuður var liðinn frá því stefnandi krafðist endurgreiðslu, sbr. einnig 2. mgr. 65. gr. og 71. gr. laga nr. 50/2000.

18. Um lagarök vísar stefnandi til meginreglna samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga og ákvæða I. og II. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Stefnandi vísar einnig til laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, einkum 64., 65. og 71. gr. laganna.
19. Um kröfu stefnanda um vexti og dráttarvexti vísar stefnandi einkum til 3.–6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. einnig 2. mgr. 65. og 71. gr. laga nr. 50/2000. Krafa stefnanda um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr. laganna. Um varnarþing vísar stefnandi til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

20. Stefndi byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti þar sem ekkert samnings samband hafi verið á milli hans og stefnanda. Stefnandi hafi ekki keypt hina umþrættu Aziobot-gólfþvottavél af stefnda. Stefnandi hafi greitt kaupverðið til Fægis ehf. sem var seljandi vélarinnar en ekki til stefnda. Stefndi sé því ekki aðili að þessum viðskiptum og hafnar því alfarið að komist hafi á bindandi samningur milli stefnanda og stefnda.
21. Stefndi byggir á því að salan á Aziobot-gólfþvottavélinni hafi ekki verið innan marka meints stöðuumboðs starfsmanns hjá stefnda. Í því sambandi bendir stefndi á að starfsmaðurinn hafi ekki haft umboð stefnda til að selja vélar sem stefndi var ekki með umboð fyrir og hvað þá til að selja slíkar vörur í nafni annars félags, alls ótengdu stefnda, og beina greiðslum til þess. Sala Fægis ehf. á Aziobot-vélinni geti aldrei talist innan marka stöðuumboðs í skilningi 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Viðskipti Fægis ehf. og stefnanda geti því ekki skuldbundið stefnda sem ekki var aðili að viðskiptunum og þau honum í raun alls óviðkomandi.

22. Þá byggir stefndi á því að stefnandi hafi mátt vita að tilboð og reikningur vegna viðskiptanna hafi ekki stafað frá stefnda, Rafveri ehf., enda hafi stefnandi mjög stuttu áður mótttekið tilboð frá stefnda vegna Kärcher-véla, sem stefndi er með umboð fyrir. Í því tilboði hafi komið skýrt fram hver tilboðsgjafi væri og það var sent á bréfsefni stefnda og með vörumerki stefnda. Stefnanda gat því ekki dulist að stefndi hafi ekki verið aðili að kaupum stefnanda á umþrættri Aziobot-vél af félaginu Fægi ehf.
23. Verði ekki fallist á framangreindar málsástæður stefnda, sem leiði þá þegar til sýknu, byggir stefndi á því að stefnandi hafi í öllu falli ekki sannað að hin selda vél hafi verið haldin verulegum galla og þar með að hann hafi orðið fyrir tjóni. Ekkert liggi fyrir um það nema einhliða fullyrðingar stefnanda sjálfs um að vélin hafi verið ónothæf. Stefnandi hafi ekki lagt fram nokkur gögn um ástand vélarinnar eða gögn sem staðfesta að hún sé haldin verulegum göllum.
24. Með vísan til meginreglna um sönnun telur stefndi að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að vélin hafi verið haldin verulegum göllum og sé ónothæf. Þar sem engin gögn um gallann eða ástand vélarinnar liggi fyrir byggir stefndi á því að tjón stefnanda sé ósannað. Í þessu sambandi bendir stefndi á og telur mikilvægt að hann hafi ekki einu sinni séð umþrætta Aziobot-vél og því ekki fengið tækifæri til að meta ástand vélarinnar.
25. Þá bendir stefndi á að í málalíbúnaði stefnanda komi hvergi fram á hvaða grundvelli hann byggi riftun kaupanna og hvernig stefnandi telji skilyrði riftunar uppfyllt. Þannig sé til að mynda hvergi að finna í málalíbúnaði stefnanda neitt um að í málinu sé uppi veruleg vanefnd sem heimili stefnanda að rifta kaupunum. Því sé með öllu ósannað að um verulega vanefnd sé að ræða, sbr. skilyrði 1. mgr. 39. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Málið sé því vanreifað að þessu leyti af hálfu stefnanda..
26. Þá byggir stefndi á því að stefnandi hafi fyrir löngu glatað rétti sínum til að bera fyrir sig hinn meinta galla enda gerði hann það ekki gagnvart stefnda fyrr en tæplega tveimur árum eftir að hann keypti vélina, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000. Í því sambandi vísar stefndi einnig til 2. mgr. 39. gr. sömu laga þar sem fram komi að kaupandi geti ekki rift kaupum nema hann tilkynni um riftun án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk eða hefði átt að fá vitneskju um gallann.
27. Stefndi bendir einnig á að stefnandi hafi ekki skilað vélinni til stefnda og því sé skilyrði 64. gr. laga nr. 50/2000 ekki uppfyllt. Því séu engar forsendur til staðar sem réttlætt geti riftun stefnanda á kaupunum. Stefndi hafi með engu móti getað takmarkað tjón sitt enda var vélinni ekki skilað til stefnda og hann hafi því ekki umráð hennar.

28. Verði ekki fallist á aðalkröfu um sýknu telur stefndi að lækka beri kröfur stefnanda verulega á grundvelli sömu málsástæðna eftir því sem við á.
29. Til viðbótar byggir stefndi á því, verði riftun heimiluð gagnvart stefnda, að miða beri riftunina við það tímamark sem henni var lýst yfir. Óumdeilt sé að um tvö ár hafi liðið frá því stefnandi keypti vélina og þar til riftun var lýst yfir. Í því sambandi beri að taka tillit til þess við mat á meintu tjóni stefnanda að hann hafði not af vélinni í þennan tíma og lánsvél meðan hún var í viðgerð.
30. Stefndi telur að líta beri til þess að stefnandi bauð stefnda aldrei að bæta úr meintum göllum á vélinni á eigin reikning og skilaði heldur ekki vélinni til stefnda heldur ótengds aðila. Stefnandi hafi með því svipt stefnda möguleikum til þess að bæta úr meintum göllum á vélinni og eftir atvikum til þess að takmarka tjón sitt.
31. Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda. Fyrir liggja að stefndi varð fyrst meðvitaður um viðskipti stefnanda við Fægi ehf. þegar honum barst tölvupóstur frá eiganda stefnanda þann 2. júlí 2024 og engar formlegar kröfur voru gerðar á hendur stefnda fyrr en með yfirlýsingu, dags. 5. september 2024.
32. Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar. Þá vísar stefndi til laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.
33. Stefndi styður kröfu sína um málskostnað við 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

34. Ágreiningsefni málsins er hvort komist hafi á skuldbindandi samningur milli málsaðila um kaup stefnanda á Aziobot-gólfþvottavél af stefnda þann 13. júlí 2022 fyrir tilstilli stöðuumboðs starfsmanna stefnda. Jafnframt hvort svo verulegar vanefndir hafi orðið af hálfu stefnda að skilyrði riftunar séu fyrir hendi.
35. Samskipti um kaup stefnanda á Aziobot-róbót fóru á milli þáverandi starfsmanns stefnda, C, og A, starfsmanns stefnanda. Ágreiningslaust er að C var starfsmaður stefnda og notaði netfang stefnda á þeim tíma sem kaupin fóru fram. Samkvæmt gögnum málsins eru síðustu samskipti í gegnum það netfang þann 1. nóvember 2022 sem er nokkrum dögum fyrir lokagreiðslu kaupverðs og afhendingu vélarinnar.
36. Stefnandi byggir á því að með tölvupósti stefnanda 13. júlí 2022, þar sem fram kom að hann tæki róbótinn, hafi komist á skuldbindandi samningur milli aðila um kaup stefnanda á Aziobot-róbót af stefnda fyrir tilstilli stöðuumboðs C, starfsmanns stefnda. Stefndi

byggir sýknukröfu meðal annars á því að hann geti ekki átt aðild að málinu. Stefnandi hafi ekki keypt umrædda vél af stefnda. Salan á vélinni, sem stefndi var ekki með í sölu og hafði ekki umboð fyrir, og hafi verið gerð í nafni annars einkahlutafélags, geti aldrei verið innan stöðuumboðs.

37. Um stöðuumboð er fjallað í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Samkvæmt reglum um stöðuumboð telst sá maður, sem samkvæmt samningi er í starfi sem eftir lögum eða venju felur í sér vissa heimild til þess að reka erindi innan ákveðinna marka, hafa umboð til þess að gera þá löggerninga sem eru innan þeirra marka. Af þessu leiðir að ef sá sem hefur stöðuumboð fer út fyrir mörk umboðsins verður umbjóðandinn ekki skuldbundinn af viðkomandi löggerningi.
38. Í framburði D, eiganda og framkvæmdastjóra Rafvers ehf., sem er stefndi í málinu, fyrir dóminum kom fram að stefndi sé ekki með umboð fyrir Aziobot-róbóta og sé ekki og hafi ekki verið með slíkar vélar í sölu í verslun sinni. Starfsmenn stefnda hafi eingöngu heimild til að gera samninga um sölu á vörum sem eru í verslun stefnda eða stefndi hefur umboð fyrir. Ekkert í gögnum málsins hnekkir þeirri staðhæfingu eða leiðir líkur að öðru.
39. Reikningur vegna kaupanna er dagsettur 13. september 2022 og sendur stefnanda sem viðhengi í tölvupósti sama dag af C í gegnum netfang hans hjá stefnda. Reikningurinn er gefinn út í nafni Fægis ehf. og greiðsla kaupverðs lögð inn á reikning þess félags. Þann 19. september 2022 sendir C stefnanda tölvupóst með ábendingu um að reikningurinn sé kominn í eindaga og verður tölvupósturinn ekki skilinn öðruvísi en að stefnandi þurfi að greiða reikninginn svo C geti flutt vélinu til landsins.
40. Stefnandi heldur því fram að hann hafi verið í góðri trú um að hann ætti í viðskiptum við stefnda um kaupin enda hafi samskiptin þegar kaupin voru samþykkt farið í gegnum netfang starfsmanns stefnda. Hann hafi því verið grandlaus um meintan umboðsskort starfsmannsins. Í því sambandi verður að líta til þess að stefnandi er lögaðili og í rekstri sem felst í kaupum og sölu á lausafé. Hann hefur því skyldu til aðgæslu umfram einstaklinga í sambærilegum viðskiptum. Tilboðið í vélina barst ekki á bréfsefni stefnda eins og tilboðið í Kärcher-gólfþvottavélar sem stefndi var með í sölu og hafði umboð fyrir. Reikningurinn fyrir vélinni var gefinn út í nafni annars einkahlutafélags, sem nýlega hafði verið stofnað, en ekki vörumerkis eða firmanafns. Verður að telja að þetta hafi gefið stefnanda tilefni til frekari aðgæslu varðandi kaupin. Með hliðsjón af því og samskiptum stefnanda við C á árunum 2023 og 2024 mátti stefnanda vera það ljóst að þessi viðskipti voru ekki við stefnda.

41. Samkvæmt reglum um umboð er ljóst að ef umboðsmaður hefur haldið sig innan ramma umboðsins eru löggerningar þeir sem hann gerir skuldbindandi fyrir umbjóðandann. Með því að starfsmaður stefnda seldi Aziobot-róbót, sem hvorki er til sölu hjá stefnda né stefndi með umboð fyrir, og gat út reikning fyrir vélinni í nafni annars félags sem kaupverðið er greitt til verður að telja að starfsmaður stefnda hafi farið út fyrir stöðuumboð sitt. Verður því stefndi ekki skuldbundinn af þessum löggerningi.
42. Að öllu framansögðu virtu ber að sýkna stefnda vegna aðildarskorts með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
43. Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu er ekki þörf á að taka afstöðu til annarra málsástæðna og röksemda í málinu, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
44. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.
45. Fjöltnir Ólafsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Árni Þórólfur Árnason lögmaður fyrir stefnda.
46. Brynjar Níelsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Rafver ehf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Heilsunni #1 ehf.

Málskostnaður fellur niður.

Brynjar Níelsson